

Kennsluáætlun skólaárið 2019 - 2020

Enska í 8. bekk

Í ensku eru 4 kennslustundir á viku í 8. bekk. Kennari er Eygló Aðalsteinsdóttir.

Samkennsla er í 8. og 9. bekk.

Vinnulag

Kennari stýrir innlögn á aðaltextum hvers kafla (A og B texta): Það er hlustað, spjallað um innihaldið, unnið í verkefnabók þar sem áhersla er lögð á skilning og að auka orðaforðann. Reynt er að tengja efnið við þá þekkingu sem nemendur hafa á þeim löndum þar sem enska er töluð og menningu. Aðra texta í hverjum kafla vinna nemendur meira sjálfstætt og samkvæmt vali og getu hvers og eins þar sem þyngdarstig þeirra er mismunandi. Nemendur vinna verkefnið ymist sjálfstætt, í pörum eða hópum.

Lesnar verða 3 kjörbækur í vetur með mismunandi verkefnaskilum, skriflegu prófi, munnlegu prófi og útdrætti.

Unnið er með valin málfræðiverkefni þannig að nemendur öðlist meiri skilning á uppbyggingu tungumálsins og átti sig betur á leiðréttingum í málnotkun.

Flest ritunarverkefni verða unnin í tölvum þar sem nemendur þjálfast í notkun rafrænnahjálpargagna.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: Spotlight 8, kaflar 6.-8. og málfræðin er fylgir efninu. Spotlight 9, 1-2 kaflar. Tvær kjörbækur að eigin vali, Nokkur verkefni í ritun.

Meginviðfangsefni vorannarinnar eru: Spotlight 9, þriðja kjörbókin, meiri áhersla á ritun og kvikmynd með verkefni.

Samkennsla er í 8. og 9. bekk þar sem flestir nemendur fylgjast að í grunnefninu að hluta. Einstaka nemendur vinna hraðar með grunnefnið og stefna að því að vinna með námsefni og markmið 10. bekkjar á seinni önninni.

Vinnuáætlun fyrir haustönn

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Hlustun og lestur: Kafli 6: Fast and the Furious Kafli 7: Great Britain Kafli 8: The USA Hlustun, spjall, lestur, ígrundun orðaforða, ritun. Kjörbók 1 Kjörbók 2	Spotlight 8 Kjörbækur að eigin vali. (æskilegt þyngdarstig 3-4)	Nemandi getur: - skilið talað mál um ýmis málefni þegar framsetning er áheyrileg - greint aðalatriði úr kynningum og frásögnum og nýtt sér efni þeirra - lesið sér til gagns og ánægju texta af ýmsum toga t.d. úr bókum, blöðum og af netmiðlum og unnið með efni þeirra eins og við á hverju sinni - lesið smásögur og stuttar skáldsögur og gert grein fyrir efni þeirra munnlega eða skriflega. - tileinkað sér nýjan orðaforða úr lestextum og nýtt sér í öðrum verkefnum - flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðlaust og af nokkru öryggi. - sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni.	Kannanir úr köflum Prófverkefni með bók 1 Munnleg frásögn, bók 2
Ritun: Ritunarverkefni, unnin í tölvu. Áhersla á réttritun, skipulag texta, notkun orðabókar og yfirlestrarforrits og vönduð vinnubrögð.	Verkefni t.d. atburðir í skólanum, frásagnir. Gátlisti frá kennara.	Nemandi getur ... - skrifað samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á og notað við það nokkuð fjölbreyttan orðaforða - beitt helstu málfræði- og stafsetningarreglum - farið eftir leiðbeiningum um frágang ritunar og nýtt sér algeng hjálpargögn eins og orðabók og leiðréttingarforrit	

Málfræði: Áhersla á þátíð sagna, fleirtölu nafnorða, óák. greini, stigbreytingu lýsingarorða og fornöfn.		Nemandi getur ... • fleirtölu nafnorða • stigbreytingu lýsingarorða • þátíð sagna • þolmynd sagna • algengustu forsetningum • helstu fornöfnum	
---	--	--	--

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok

Með ósk um gott gengi,

Eygló